

Trúarbrögð og mannréttindi

Trúfrelsi og jafnræði trúfélaga á Íslandi¹

1. INNGANGUR
2. ÞÖRF FYRIR MÁLEFNALEGA UMRÆÐU
3. SKYGGNST UM ÖXL
4. DÆMI TIL ÍHUGUNAR
5. VERND TRÚARSKOÐANA OG SANNFÆRINGAR
6. NÁNAR UM JAFNRÆÐI OG MISMUNUN
7. HVE LENGI GETUR MISMUNUNIN VIÐGENGIST?
8. LOKAORÐ

1. Inngangur

Allt síðan Íslendingar fengu sína eigin stjórnarskrá, er gekk í gildi í ágústmánuði 1874, höfum við búið við fagurlega orðuð ákvæði um margvísleg lýðréttindi, sem eiga að vera æðri almennum lögum og ætlað er að tryggja rétt borgaranna til að njóta margs þess, sem talið er til hinna mikilvægustu lífsgæða. Meðal þess

¹ Að stofni til erindi sem flutt var á málþingi um „trúarbrögð og mannréttindi“ 4. október 2003, en málþingið var haldið á vegum námsnefndar í almennum trúarbragðafræðum við Háskóla Íslands.

ara frelsisréttinda, sem síðan hafa verið varin í stjórnarskrám okkar, er trúfrelsi. Nánar tiltekið, að enginn megi neins í missa af borgaralegum réttindum sínum (eða mannréttindum eins og þau eru nú almennt nefnd) vegna trúarskoðana sinna.

Þessi vernd, sem okkur er þannig áskilin, snýr bæði að einstaklingum og trúfélögum þeim, sem starfa í landi okkar á hverjum tíma. Með öðrum orðum: stjórnarskráin áréttar með þessum hætti *jafnrétti* og *jafnræði* borgaranna og samtaka þeirra á sviði trúmála – og reyndar ekki aðeins varðandi trúarbrögð í venjulegum skilningi heldur jafnframt að því er lýtur að *sannfæringu* manna og *líffskoðunum*, einnig þeirra, er ekki aðhyllast nein trúarbrögð.

Í stjórnarskrá okkar er nú *jafnrétti* manna – á almennum grundvelli og ekki einungis á sviði trúarbragðanna – einnig varið með sérstöku ákvæði, sem var tekið inn í mannréttindakafla hennar árið 1995 og þá til samræmis við fyrirmæli þar um í fjölpjódlegum mannréttindasáttmálum, sem skuldbinda íslenska ríkið.

En eitt eru orð í lýðréttindaskrá og annað veruleikinn. Ákvæði í landslögum okkar, sem eiga að tryggja trúfrelsi og jafnræði trúfélaga á Íslandi, eru auðfundin og ekki sérlega vandskilin við fyrstu sýn, en megum við treysta því, að samfélagið *virði* þau við allar aðstæður, eins og því ber lagaleg og siðferðisleg skylda til að gera? Ýmislegt bendir til þess, að ekki verði fullyrt með réttu, að allt sé eins slétt og fellt og æskilegt væri. Getur nokkur maður haldið því fram í fullri alvöru, að fordóma gæti ekki enn varðandi skoðanir ýmissa á mönnum, sem tilheyra öðru trúfélagi en þeir sjálfir – eða hafa annars konar lífs-sýn og grundvallarsannfæringu? Er ekki með réttu unnt að tala um mismunandi „menningarheima“ í því fjölpjóðlega (og um leið fjölmennigarlega) samfélagi, sem komið hefur til sögunnar hér á landi á síðari árum? Snertifletir þessara ólíku menningar- og trúarheima hljóta iðulega að skarast og núningurinn getur valdið „skjálfta“, svo að notuð sé samlíking úr máli jarðvísindamanna. Árekstrar hafa að vísu enn ekki orðið hér með sambærilegum og jafn alvarlegum hætti og meðal ýmissa grannþjóða okkar – en getum við virkilega sofið rótt í fullvissu þess að svo muni verða um fyrirsjáanlega framtíð? Hver veit hvað blundar í þjóðarsálinni og kann að brjótast út þegar minnst varir og með afleiðingum, sem fæsta gæti órað fyrir nú?

2. Þörf fyrir málefnalega umræðu

Á síðustu tímum hefur umræða um trúarbrögð og trúfrelsi orðið mjög áleitin meðal margra þjóða, m.a. vegna málefna innflytjenda og þess fjölmenningsarsamfélags, sem þeim fylgir, og vegna sífelfdra fréttu af hryðjuverkum og margvíslegum óhæfuverkum víða um heim, sem sögð eru unnin í nafni trúar. Sums staðar ríkja harðýðgisstjórnir, sem telja sig sækja afl sitt og umboð til trúarbragða, eða þær hafa trúarbrögð að skálkaskjólí með ýmsum hætti. Þessi alkunna fjölmiðlaumfjöllun – flaumur máls og mynda – sem tröllríður okkar þjóð sem og öðrum þjóðum, mótar mjög skoðanir manna og kyndir undir ýmsum hugmyndum, þ.a.m. ranghugmyndum, um margvísleg trúarbrögð og önnur mikilvæg lífsviðhorf fólks, sem ekki telur sig vera bundið af þeim trúarskoðunum, sem þorri Íslendinga jatar. Í því sambandi getur gætt misskilnings og öfga, sem kunna að leiða til eineltis og annars ófarnaðar, enda stundum skammt bilið milli orða og athafna. Það, sem hefur gerst í öðrum löndum, getur alveg eins gerst hér þegar tiltekna aðstæður skapast, aðstæður, sem m.a. kunna að mótast af fordómum og fákunnáttu.

Í ljósi þessa tel ég að aldrei hafi verið eins mikil þörf á því og nú – allt síðan trúfrelsi var innleitt á Íslandi með stjórnarskrá – að ræða þessi mál með hugarfari velvildar og röksemda, eins og t.d. er gert á þessari málstefnu.

Hér á eftir verður vikið að nokkrum attriðum, sem vert er að huga nánar að í þessu sambandi, enda þótt tilefnið gefi aðeins tækifæri til örstuttrar umfjöllunar.

3. Skyggst um öxl

Við skulum hafa hugfast, að fram á síðari hluta 20. aldar lifðu hér á landi menn, sem fæddir voru áður en formlegu trúfrelsi var komið á með stjórnarskránni frá 1874. Það minnir okkur á, að þessi sérstöku réttindi eru ekki gömul í sögu okkar. Trúarnauðung ríkti hér um mjög margra alda skeið eftir kristnitöku. Eftir siðaskipti var meginreglan sú um langa hríð, að þeim einum, er játuðu evangelísk-lútherska trú, var veitt hér landvistarleyfi. Á þessu boði var ekki slakað fyrr en í tengslum við inn-

leiðingu verslunarfrelsis 1786, en þá var öllum kristnum mönnum veitt leyfi til frjálsra trúarbragðaiðkana í nánar tilgreindum kaupstöðum héraendis, en utan þeirra kaupstaða giltu fríðindin ekki, a.m.k. lengi vel. Það var ekki fyrr en eftir miðja 19. öld, nánar tiltekið 1857, að Gyðingum var almennt veitt landvistarleyfi hér. Með tilkomu almennra hegningarlaga frá 1869 var öllum trúfélögum veitt vernd gegn smáunum. Næsta löggjafarskrefið í frjálsræðisátt var síðan tilkoma trúfrelsisákvæðis stjórnarskrárinnar frá 1874, sem fyrr hefur verið vikið að.

Að því má færa rök, að þær tilslakanir í þessum efnunum, sem komu til sögu fyrir lögtöku stjórnarskrárinnar, hafi átt sér „hagfræðilegar“ rætur, ef svo má að orði kveða, þ.e. tengst hagkvæmnisástæðum varðandi verslun og viðskipti, sem ekki eru tök á að rekja nánar hér. Mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar, og þar með talið hið almenna trúfrelsisákvæði, eru hins vegar af allt öðrum stofni. Um þau blésu aðrir vindar, ef svo má að orði komast, því að þau eiga rætur að rekja til sambærilegra ákvæða í frelisskrám ýmissa ríkja Norður-Ameríku frá síðari hluta 18. aldar og til yfirlýsingar Þjóðfundar Frakka frá 1789, en þessi ákvæði endurspegluðust síðan í ýmsum þeim stjórnarskrám, sem ríki Vestur-Evrópu settu sér á 19. öldinni. Þar gætti í upphafi beinna áhrifa frá kenningum *náttúruréttar* um tiltekin grundvallarréttindi, sem væru öllum mönnum sameiginleg allt frá fæðingu, og frá kunnnum heimspekingum, sem aðhylltust *skynsemishyggu* og *upplýsingu*.

Þess má geta, að ekkert ákvæði um trúfrelsi var í norsku stjórnarskránni frá 1814, enda þótt trúarnaðung væri vart framfylgt í reynd þar í landi eftir samþykkt hennar, en í 2. gr. stjórnarskrárinnar var hins vegar tryggilega lagt bann við landvist Jesúíta og Gyðinga, auk munkareglna. Frændur okkar Norðmenn leyfðu þó Gyðingum landvist árið 1851, þ.e. um svipað leyti og gert var héraendis, en bann við munkareglum var hins vegar ekki afnumið fyrr en 1897. Og það sem meira er, landvistarbann manna af Jesúítareglunni (þeirri ágætu trúarreglu kaþólskra manna, móðurreglu landa okkar Jóns Sveinssonar, öðru nafni ríthöfundarins Nonna, sem mörgum er kær víða um heim) var ekki afnumið fyrr en 1956, þegar ljóst var orðið, að óbreytt regla myndi standa í vegi fyrir því að norska ríkið gæti gerst aðili að Mannréttindasáttmála Evrópu!²

2. Sbr. *Johs. Andenæs*, *Statsforfatningen i Norge* (7. útg. Ósló 1991), bls. 406.

Danir tóku upp almennt trúfrelsisákvæði í stjórnarskrá sína frá 1849, sem aftur varð bein fyrirmynd sambærilegs ákvæðis í okkar stjórnarskrá. Ekki er þó allt sem sýnist, því að í 6. gr. nágildandi stjórnarskrár Dana frá 1953 (með síðari breytingum) segir enn þann dag í dag, að konungur þeirra *skuli* játa evangelísk-lúterska trú. Hið margrömaða trúfrelsi gildir því a.m.k. ekki um sjálfan Þjóðhöfðingjann, sem nýtur að því leyti minni mannréttinda en þegnar hans! Sama á m.a. við um Þjóðhöfðingja Breta, sem skal – samkvæmt fastri stjórnskipunarhefð – vera ‘verndari trúarinnar’ (‘guardian of the faith’), en með því er einvörðungu höfðað til eins trúfélags.

Skýr ákvæði um *ríkiskirkju* eru reyndar í stjórnarskrám Dana og Norðmanna og í dönsku stjórnarskránni er jafnframt, eins og í þeirri íslensku, tekið fram um skyldu ríkisins til að styðja ríkiskirkjuna. Slík ákvæði eru m.a. í hróplegri mótsögn við stjórnarskrár fjölmargra annarra ríkja, sem við höfum mikil samskipti við, ekki síst stjórnarskrá Bandaríkjanna, þar sem afskipti ríkisvaldsins af trúarefnum, t.d. með hvers konar löggjöf, eru talin óhugsandi enda í beinni andstöðu við alkunnugt ákvæði í þeirri fyrstu breytingu (‘First Amendment’), sem gerð var á stjórnarskrá alríkisins, skömmu eftir að hún var samþykkt.

Áður en við hverfum að öðrum efnunum skal þess minnst, að það gekk ekki með öllu átakalaust að „jarðbinda“ trúfrelsisákvæði stjórnarskrárinnar frá 1874 hér á landi. Ýmis ákvæði almennrar löggjafar okkar á þeim tímum gátu bersýnilega ekki, þegar á reyndi, samræmst hinu æðra ákvæði. Skýrt dæmi um þetta birtist skömmu eftir tilkomu stjórnarskrárinnar: karlmaður og kona, góðir og gegnir Íslendingar, sem játuðu mormónatrú og bjuggu í Vestmannaeyjum, gengu að eigast þar eftir lög máli og síðum þeirrar trúar og með vígslu íslensks mormónabiskups. Fóru þau síðan að búa saman eins og vænta mátti. Íslensk yfirvöld gátu hins vegar ekki liðið „hneykslanlega sambúð“ af því tagi, sökum þess að þau höfðu ekki verið gefin saman af íslenskum Þjóðkirkjupresti, eins og þá var hin eina lögboðna og lögleyfða leið til hjúskaparstofnunar. Sú leið var hins vegar ekki talin þeim fær að lögum sökum þess að þau játuðu ekki hina einu og sönnu ríkistrú. Átti nú að stíva þeim sundur með hreppstjóravaldi, enda var sambúð þeirra beinlínis talin refsiverð samkvæmt hegningarlögunum frá 1869, þannig að fangavist blasti við þeim. Þau sendu hins vegar bænarskjal

til landshöfðingja, eftir þrautagöngu sína, þar sem þau kröfðust hjónavígslu að réttum landslögum og vísuðu til trúfrelsisákvæðis hinnar nýfengnu stjórnarskrár. Erindi þeirra lenti að lokum á borðum hinnar æðstu stjórnar Íslandsmála í Kaupmannahöfn og þar varð niðurstaðan sú, að með konunglegri skipan var sýslumanni Vestmannaeyinga boðið að annast borgaralega vígslu þeirra, sem og hann gerði við minnisstæða og fjölmenna athöfn í þinghúsi Eyjanna, „fyrir opnum dyrum“ eins og segir í gerðabók sýslumannsembættisins, hinn 30. mars 1876, sem þannig varð merkisdagur í sögu íslenskrar mannréttindabaráttu, þ.e. þegar hin fyrsta borgaralega hjónavígsla fór fram á Íslandi³. Í kjölfar þessa atburðar voru síðan sett hér lög um utanþjóðkirkjumenn 1886, m.a. með ákvæðum um heimild til borgaralegrar hjónavígslu þegar annað hjónaefna var utan þjóðkirkjunnar, og enn síðar, þ.e. 1917, voru síðan sett almenn lög um hjónavígslu þar sem gengið var enn lengra í frjálsræðisátt, með því að veita heimild til borgaralegrar vígslu að vild hjónaefna, án tillits til trúarskoðana þeirra.

4. Dæmi til íhugunar

Ef við lítum til *Dana*, þeirrar þjóðar er við áttum nánust samskipti við um aldir, mætti finna mörg dæmin um árekstra milli ólíkra trúarhópa í því fjölmeningarsamfélagi, sem þar er nú við lýði. Þar í landi, eins og í Noregi og Svíþjóð, hefur borið talsvert á beinum jafnt sem óbeinum ofsóknum á hendur minnihlutahópum af ýmsu tagi, þ.á m. hópum, sem einkennast af tilteknum kynþáttum eða trúarbrögðum – en þetta tvennt fer reyndar oft saman eins og kunnugt er. Ýmis dæmi mætti nefna um glæpsamlegar árásir og siðlaust jafnt sem löglaust einelti af þessum toga, en hér skal hins vegar brugðið upp tveimur „myndum“ (ef svo má að orði komast) af árekstrum, sem ekki voru svo alvarlegs eðlis en gefa okkur þó, með nægilega skýrum hætti, innsýn í þau daglegu vandamál, sem hvenær sem er geta komið til

³ Sjá nánar *Páll Sigurðsson*, 'Fyrsta borgaralega hjónavígsla á Íslandi – Þáttur í þróun trúfrelsis og almennra mannréttinda', í riti hans *Svipmyndir úr réttarsögu – Þættir um land og sögu í ljósi laga og réttarframkvæmdar* (Rvík 1992), bls. 77 og áfr.

sögu og sem alveg eins gæti reynt á hér á landi eins og í Danmörku. Dæmin, sem eru tekin úr danska dómasafninu, eru bæði nýleg.

1. dæmi: Dómur Eystri-Landsréttar *Dana* frá því í ágúst 2000⁴.

Ung stúlka úr hópi múslímskra innflytjenda í Danmörku gekk í skóla í Óðinsvéum. Meðan á skólavist hennar stóð tók hún þátt í starfskynningu, er stóð í eina viku. Skóli hennar útvegaði henni vinnu í stuttan tíma í stórversluninni *Magasin du Nord* í Óðinsvéum. Á fyrsta vinnudegi sínum þar mætti stúlkan á vinnustaðinn með höfuðklæði að hefðbundnum hætti þess hóps innflytjenda, sem hún tilheyrir. Var henni þá tilkynnt, að ef hún vildi vinna þar innan um annað afgreiðslufólk mætti hún ekki bera höfuðklæði. Var í því sambandi vísað til reglna fyrirtækisins um búninga starfsmanna. Stúlkan gat ekki sætt sig við þetta bann, enda taldi hún sig ekki geta fylgt því af trúar- og siðferðisástæðum, og var hún þá send af vinnustaðnum. Því gat hún heldur ekki unað. Niðurstaða varð sú fyrir dómi, að stúlkan hefði af þessari ástæðu sætt óréttmætri mismunun vegna trúarskoðana sinna og hefðbundinna siða og var ekki talið að forsvarsmenn nefndrar stórverslunar hefðu getað sýnt fram á málefnaleg rök fyrir afstöðu þeirra í málinu. Voru stúlkunni dæmdar bætur á grundvelli ákvæða þar að lútandi í þarlendur lögum um bann við mismunun á vinnumarkaði.

2. dæmi: Dómur hæstaréttar *Dana* frá því í október 2000⁵.

A, sem er fæddur í Sómalíu, var í hópi flóttamanna í Danmörku. Á árunum 1995-1996 tók hann þátt í allmörgum námskeiðum, sem ætluð voru flóttamönnum. Í ágústmánuði 1996 hóf hann þátttöku í námskeiði í logsuðu á

⁴ UfR 2000, bls. 2350 (E.L.).

⁵ UfR 2001, bls. 83 (H).

vegum sérstakrar þjálfunarmiðstöðvar. A er múslími og um það bil 30 aðrir múslímar tóku þátt í námskeiðum á vegum miðstöðvarinnar á umræddum tíma. Um það bil mánuði eftir að A hóf þetta nám stofnaði hann, ásamt átta Sómölum öðrum, sem allir eru múslímar, bænahóp, sem iðkaði bænir sínar reglubundið í almennum gangarými í námunda við matsal miðstöðvarinnar. Fljótlega varð árekstur milli A og féлага hans, annars vegar, og hóps danskra nemenda í miðstöðinni hins vegar. Leiddi það til þess, að yfirstjórn miðstöðvarinnar bannaði trúarhópnum, að viðlagðri brottvísun, að biðjast opinberlega fyrir á göngum eða á sambærilegum stöðum þar, en hins vegar var þeim vísað á aðra staði innan miðstöðvarinnar í þessum tilgangi. Þrátt fyrir þetta hélt A enn áfram uppteknum hætti hvað bænalíf snerti og var honum þá vísað frá námi. Niðurstaða málsins, bæði í landsrétti og hæstarétti, var á þann veg, að sökum þess að ekki yrði séð að bænahópurinn hefði verið beittur óréttmætri mismunun vegna trúarafstöðu sinnar, þar eð mönnunum hafði, þrátt fyrir allt, verið vísað á hentugri stað til bænagerðar, var miðstöðin sýknuð af bótakröfu A.

Árekstrar af þessu tagi gætu, eins og fyrr segir, komið upp hér á landi engu síður en meðal bræðraþjóðar okkar, Dana, og telja verður líklegt að niðurstaða fyrir dómi yrði hér með sambærilegum hætti við það, sem fyrr var rakið, a.m.k. varðandi grunnrök en með fyrirvara um skaðabótaábyrgðina. En þarna varð unga stúlkan, sem var að kynna sér verslunarstörfin, fyrir tilfinningalegu áfalli og vafalaust upplifði hún bann stórfyrirtækisins við því að hún bæri þann höfuðbúnað, er tíðkast fyrir konur í hennar menningar- og trúarumhverfi, sem svívirðingu við það, sem henni er heilagt. Bætur fékk hún að vísu – en við getum m.a. hugleitt, hvort áföll af þessu tagi verði nokkru sinni bætt með fé, og auðvitað er skaðinn skeður og óvíst er að bæturnar mýki hug umrædds samfélags múslímskra innflytjenda til „hins danska kerfis“, eftir að ung kona úr þeirra hópi hefur orðið að þola niðurlægingu af þessu tagi.

5. Vernd trúarskoðana og sannfæringar

Við búum við stjórnarskrárvarið *trúfrelsi*, eins og áður er fram komið. Meginákvæðin um það efni gefur að finna í 63. og 64. gr. stjórnarskrárinnar. Þessi ákvæði eru í reynd gömul að stofni (hafa staðið síðan 1874), enda þótt þeim væri lítillega breytt árið 1995 eins og ýmsum öðrum ákvæðum stjórnarskrár, sem fjalla um mannréttindi. Athyglisvert er þó, að nefnd ákvæði standa í VI. kafla stjórnarskrárinnar, sem fjallar um kirkju- og trúarmálefni, en ekki í VII. kafla, sem fjallar um mannréttindi almennt.

Ljóst er, að trúfrelsisákvæði stjórnarskrárinnar myndu, ef á reynir, verða skýrð til samræmis við sambærileg ákvæði í *mannréttinasáttmála Evrópu* og í *sáttmála Sameinuðu þjóðanna um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi*, en íslenska ríkið er aðili að báðum þessum sáttmálum eins og kunnugt er, og nokkuð almenn skoðun mun það vera meðal íslenskra lagamanna, að efnislegur munur sé ekki í reynd á íslensku ákvæðunum og samsvarandi ákvæðum í hinum fjölþjóðlegu sáttmálum. Í því sambandi er þó óhjákvæmilegt að minna á, að orðalag er með öðrum hætti í íslensku ákvæðunum, annars vegar, og ákvæðum sáttmálanna hins vegar, og er ekki útilokað að það kunnir að leiða til einhverra túlkunarvandkvæða síðar, þegar á reynir. Í 63. gr. stjórnarskrárinnar segir t.d., að „allir eigi rétt á að stofna trúfélög og iðka trú sína í samræmi við sannfæringu hvers og eins, en þó megi ekki kenna eða fremja neitt sem sé gagnstætt góðu siðferði eða allsherjarreglu“. Í mannréttinasáttmála Evrópu er sambærilegt ákvæði hins vegar fyllra, þar sem segir að „sérhver maður eigi rétt á að vera frjáls hugsana sinna, samvisku og trúar, og að í því felist frelsi manna til að breyta um trú eða sannfæringu svo og til að rækja trú sína eða sannfæringu, hvort heldur einslega eða í samfélagi með öðrum, opinberlega eða á einkavettvangi, með guðsþjónustu, boðun, breytni og helgihaldi“ – og síðan ræðir um takmarkanir á trúfrelsi, en með allt öðru orðalagi en er í íslenska ákvæðinu. Heppilegra hefði verið að gæta meira samræmis, hvað orðalag varðar, milli stjórnarskrár, annars vegar, og mannréttinasáttmálanna (einkum mannréttinasáttmála Evrópu) hins vegar, þegar breytingarnar áttu sér stað 1995, og á það vissulega einnig við um önnur mannréttindaákvæði en þau, er lúta að trúfrelsinu.

Þess skal þó getið, að í 1. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar segir að „allir séu frjálsir *skoðana* sinna og *sannfæringar*“, sem getur að sjálf-sögðu m.a. átt við um trúar- eða trúleysissannfæringu manna⁶.

Í *almennu löggjöf*inni gefur einnig að finna ýmis ákvæði, sem ætlað er að vernda trú eða trúartilfinningu manna með mismunandi hætti. Þar munar vafalaust mest um tvö ákvæði almennra hegningar-laga nr. 19/1940.

Annars vegar er ákvæði 125. gr., sem leggur refsingu við *guðlasti*, þ.e. „að draga dár að eða smána trúarkenningar eða guðsdýrkun lög-legs trúfélags, sem er hér á landi“, eins og það er orðað þar, en ákvæðið er gamalt að stofni og á sér afar langa sögu. Álitafni geta verið um túlkun þessa ákvæðis, m.a. hvernig skilja beri áskilnaðinn um „löglegt trúfélag“, þ.e. hvort þar sé einvörðungu átt við „skráð“ trúfélög og ákvæðið verndi þannig ekki trúartilfinningu manna, sem ekki tilheyri þess háttar trúfélagi. Ég hygg að líklegt sé að meira muni reyna á ákvæði þetta í framtíðinni, fyrir íslenskum dómstólum, en verið hefur til þessa⁷, einmitt vegna árekstra sem muni verða milli mismunandi trúar- og menningarheima í því fjölbjóðlega samfélagi, sem hér er komið til sögu. Vitað er að sumir þeir, sem játa trúarbrögð, sem eru flestum Íslendingum framandi, eru mjög viðkvæmir fyrir háði eða að-kasti, sem særir trúartilfinningu þeirra.

Hins vegar er svo ákvæðið 233. gr.-a í hegningarlögunum, sem lögtekið var 1996 til samræmis við alþjóðlegar skuldbindingar ís-lenska ríkisins, en þar er lögð refsing við því að *ráðast opinberlega*, „með háði, rógi, smánun, ógnun eða á annan hátt, á mann eða hóp manna vegna þjóðernis þeirra, litarháttar, kynþáttar, *trúarbragða* eða kynhneigðar“. Ekki er að efa, að á þetta ákvæði muni einnig reyna í

⁶ Svo virðist sem heimildarákvæði 3. mgr. 73. gr. um skerðingar, sem þar eru nán-ar tilgreindar, eigi aðeins við um *tjáningarfrelsi*ð, sem varið er í 2. mgr. 73. gr., en ekki um *skoðana*- og *sannfæringarfrelsi*ð skv. 1. mgr. greinarinnar.

⁷ Höfundur þessarar ritsmíðar er einungis kunnugt um fjóra dóma, sem gengið hafa hér á landi í tilefni af guðlasti en í öllum þeim tilvikum voru sakborningarnir fundnir sekir. Elsti dómurinn er frá 1685 en þar var maður, sem m.a. hafði snúið faðirvorinu upp á Skrattann sjálfan, dæmdur til dauða á Alþingi og brenndur þar skömmu eftir dómsuppsögu. Síðasti dómurinn er hins vegar í dómasafni Hæsta-réttar 1984, bls. 855, en þar var refsingin ekki höfð eins harkaleg!

framtíðinni með sama hætti og á við um fyrrnefnda ákvæðið, um guðlastið.

Mikilvægt er, að bæði þessi hegningarlagaákvæði, er hér voru nefnd, séu skoðuð í ljósi þess *tjáningarfrelsis*, sem stjórnarskráin áskilur borgurunum og er talið til hinna þungvægustu mannréttinda hvarvetna um hinn vestræna heim. Þegar á hólminn kemur er það vandasamt viðfangsefni dómstólanna að draga markalínuna milli þessara tveggja verndarsviða⁸.

6. Nánar um jafnræði og mismunun

Í 62. gr. stjórnarskrárinnar er kveðið á um, að „hin evangelísk lúterska kirkja skuli vera þjóðkirkja á Íslandi og skuli ríkisvaldið að því leyti styðja hana og vernda“. Þessu ákvæði má þó breyta með almennum lögum, þannig að þessi sérrettindi eru komin undir vilja almenna lög-gjafans. Sambærileg ákvæði eru ekki um önnur trúfélög, hvorki í stjórnarskrá né í almennum lögum. Þjóðkirkjunni eru hér veitt *forréttindi* með skýrum og ótvíræðum hætti, en vitaskuld byggist þetta ákvæði, sem staðið hefur í stjórnarskrá síðan 1874, á fornum rótum og á það skal minnt í þessu sambandi, að hart nær níu af hverjum tíu Ís-lendingum teljast til Þjóðkirkjunnar og hún hefur vissulega víðtækt og mikilvægt starfssvið og köllun.

Að þessu leyti má hverjum manni vera augljóst, að enda þótt *trú-frelsi* einstaklinga og hópa eigi að vera tryggt ríkir alls ekki *jafnræði* milli trúfélaga á Íslandi, vegna þess sérstaka og lögbundna stuðnings ríkisvaldsins, sem Þjóðkirkjan nýtur ein allra trúfélaga. Um þetta verður traúðla deilt, enda þótt hér sé, enn sem komið er, um hálfgerð „feimnismál“ að ræða. Reyndar má segja með sanni, að sérstaða Þjóð-kirkjunnar sé enn slík, þrátt fyrir stóraukið sjálfstæði hennar á síðari árum, að hún hafi fremur einkenni *stofnunar* en venjulegs trúfélags,

⁸ „Ofverndun“ minnihlutahópa á þessu sviði, t.d. í fjölmiðlum, getur einnig verið varasöm, því að mikilvægt er að allur almenningur fái vitneskju um árásir og ein-eltil af þessu tagi, þannig að almennt aðhald, með almenningssáliti, geti skapast til virkrar varnar. Sjá nánar *Páll Sigurðsson*, Fjölmiðlaréttur – Meginþættir réttarum-hverfis fjölmiðlanna (Rvík 1997), bls. 100-101.

þótt almennu lögunum um skráð trúfélög nr. 108/1999 sé einnig ætlað að taka til hennar, og tengslin við ríkisvaldið séu enn mikil og ýmsir þræðir, misjafnlega sýnilegir, sem kippt er í eftir atvikum.

Þessi stuðningur ríkisvaldsins við Þjóðkirkjuna kemur m.a. fram í því, að samkvæmt 3. gr. Þjóðkirkjulaganna nr. 78/1997 greiðir Íslenska ríkið Þjóðkirkjunni árlegt framlag, sem miðast við að það *nægi til reksturs hennar ásamt öðrum tekjustofnum*. Með öðrum orðum: Þjóðkirkjunni er þannig tryggður fjárhagslegur starfsgrundvöllur. Önnur viðurkennd trúfélög mættu víst prísar sig sæl ef þau nytu sambærilegra friðinda – en svo er ekki raunin⁹. Hér eru þá ótalin ýmis önnur hlunnindi, sem Þjóðkirkjan nýtur lögum samkvæmt – enda þótt ríkið hafi hins vegar lengi tekið að sér innheimtu sóknargjalda fyrir öll skráð trúfélög og veiti þeim þannig tiltekna þjónustu.

Í þessu sambandi mætti jafnframt vekja athygli á stöðu félaga um lífsskoðanir, sem ekki geta talist trúfélög í skilningi fyrrnefndra laga um skráð trúfélög og fá því ekki skráningu sem þess háttar félög. Viss rök má færa að því, að þau myndu einnig taka fegins hendi við stuðningi frá ríkisvaldinu – ef hann stæði til boða á annað borð¹⁰.

Þá er einnig vert að minna sérstaklega á annað atriði, sem snýr að einstaklingum, sem vilja standa utan skráðra trúfélaga. Stjórnarskráin sjálf segir, í 3. mgr. 64. gr., að manni, sem er utan trúfélaga, sé skylt að greiða til Háskóla Íslands þau gjöld, sem honum hefði ella borið að greiða til trúfélags síns, en þó jafnframt tekið fram að þessu megi breyta með almennum lögum. Þetta ákvæði hefur verið umdeilt á síðari árum og er sérlega vafasamt í ljósi jafnréttisákvæða í alþjóðlegum sáttmálum, er skuldbinda Íslenska ríkið, sem og jafnréttisákvæðis stjórnarskrár okkar. Hvers eiga „trúleysingjarnir“ að gjalda? Er hér um málefnalega

⁹ Til samanburðar og fróðleiks skal þess getið, að þessum málum er á annan veg háttað í Noregi, enda þótt þar sé reyndar gert ráð fyrir ríkiskirkju, sem norska ríkið skuli styðja. Með lögum „om truomsamfunn“ frá 1969 var ákvæðið, að skráð trúfélög (önnur en norska Þjóðkirkjan) geti krafist ríkisframlags, sem sé með sambærilegum hætti og það, er Þjóðkirkjan fái. Með lögum frá 1981 var síðan mælt fyrir um, að hið sama og hér sagði um skráð trúfélög skuli einnig eiga við um önnur skipuleg en óskráð trúfélög.

¹⁰ Þess má geta, að með setningu laga „om tilskott til livssynsamfunn“ frá 1981 stigu Norðmenn það skref, að félögum um lífsskoðanir var veittur réttur til fjárfrahlaga frá norska ríkinu til samræmis við framlög til trúfélaga.

skattheimtu að ræða? Og hvað um þá ákvörðun að láta þessa sérstæðu skattpeninga renna til Háskóla Íslands eins, þegar um tíu aðra háskóla er að ræða í landinu eins og nú er orðið? Verður þessi ójafnuður milli háskólanna studdur nægum rökum?

7. Hve lengi getur mismununin viðgengist?

Hvernig horfir sú mismunun, sem fyrr var lýst, við íslenskum dómstólum – og Mannréttindadómstóli Evrópu? Fyrst er þá á það að líta, að stjórnarskráin sjálf mælir beinlínis fyrir um umrædda mismunun, þannig að ekki getur falist borðleggjandi stjórnarskrárbot í því ójafnræði, sem gert er ráð fyrir berum orðum í þeirri réttarheimild!

Á hitt er þó einnig að líta, að í 65. gr. stjórnarskrárinnar gefur að finna mjög mikilvægt ákvæði um almennt *jafnrétti* manna, sem tekið var þar upp 1995 að fyrirmynd fjölþjóðlegra mannréttindasáttmála. Þar segir, að „allir skuli vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti“. Enginn vafi er á því, að lögtaka þessa ákvæðis var mjög mikilvægt skref í mannréttindabaráttunni, enda þótt margt sé enn á huldu um rétta túlkun þess í einstökum atriðum og um beitingu þess að öðru leyti. Meðal annars er ekki óeðlilegt, að hugleiðingar vakni um afstöðuna milli þessa stjórnarskrárákvæðis og fyrrnefnds „mismununarákvæðis“ varðandi Þjóðkirkjuna. „Andi“ þessara tveggja ákvæða í hinni æðstu réttarheimild okkar fær bersýnilega illa samrýmst innbyrðis: annars vegar er mælt fyrir um *mismunun* en hins vegar kveðið sterklega á um *jafnrétti*.

Þá er einnig spurning um stöðu þess ákvæðis stjórnarskrárinnar, sem mælir fyrir um greiðsluskyldu manna, sem standa utan trúfélaga, til Háskóla Íslands, í ljósi almenna jafnréttisákvæðisins (og jafnframt um sérréttindi Háskóla Íslands umfram aðra háskóla, í því sambandi).

Líklegt er, hvað sem öðru líður, að enn sem komið er myndu íslenskir dómendur líta svo á, að almenna jafnréttisákvæðið í stjórnarskránni vegi ekki þyngra en ákvæðin, sem veita Þjóðkirkjunni afdráttarlausan forgang um stuðning frá ríkisvaldinu. En hvað um afstöðu *Mannréttindadómstóls Evrópu* til þessa atriðis á komandi árum? Enn sem

komið er hefur Mannréttindadómstóllinn gætt varkárni í umsögnum sínum varðandi sérstöðu, og þá um leið forréttindi, ríkiskirkna og svo mikið er víst að viðhorf dómstólsins hefur fram til þessa verið það, að ríkiskirkjufyrirkomulag (eða sambærilegt fyrirkomulag varðandi eina kirkjudeild umfram aðrar) sé ekki í andstöðu við ákvæði mannréttinda-sáttmála Evrópu, þ.á m. jafnréttisákvæði hans. Á þessu kann þó að verða breyting á næstu árum og hér skal því reyndar spáð, að svo muni verða. Í því sambandi skulum við minnst þess, að dómstóllinn beitir núorðið í reynd svokallaðri „framsækinni“ (eða „dynamiskri“) túlkun varðandi ákvæði sáttmálans, þ.e. horft er til aðstæðna á hverjum tíma við skýringu og framkvæmd sáttmálans en ekki einvörðungu þeirra skoðana, sem uppi voru á þeim tíma, er sáttmálinn var settur. Er líklegra en ekki, að framsækin túlkun viðeigandi ákvæða sáttmálans muni leiða til þess á komandi árum, að forréttindi eins trúfélags umfram önnur verði lýst óheimil samkvæmt sáttmálanum. Skal því haldið fram hér, að á þetta muni reyna fyrir alvöru innan tiltölulega fárra ára.

Verði sú raunin á er ekki þar með sagt, að núverandi ákvæði í stjórnarskrá okkar um forréttindi Þjóðkirkjunnar gagnvart ríkisvaldinu gætu ekki staðið áfram í óbreyttri mynd um eitthvert árabíl – ef menn vildu svo hafa – því að leysa mætti málið, a.m.k. að sinni, með því að mæla jafnframt fyrir um, að öðrum trúfélögum verði veittur sambærilegur fjárhagsstuðningur af hálfu ríkisstjórnvalda, sbr. það, sem sagði um stöðu þessara mála í Noregi í 6. kafla hér að framan. Staða félaga um lífsskoðanir, varðandi ríkisstuðning, gæti þá einnig komið til skoðunar í ljósi þessa (sjá einnig til hliðsjónar lagaákvæði þar að lútandi í Noregi). Sömuleiðis verður, hvað sem öðru líður, að endurskoða núverandi stjórnarskrárákvæði um skyldu „trúleysingja“ til að greiða eins konar sóknargjöld til Háskóla Íslands. Ekki verður séð, að það fyrirkomulag muni fá staðist grandskoðun Evrópudómstólsins þegar fram í sækir.

Hið er svo annað mál hvort líklegt sé, að núverandi Þjóðkirkjufyrirkomulag, með „loðnum“ tengslum milli ríkis og kirkju¹¹, muni standa

¹¹ Ekki er nóg með að samband ríkis og Þjóðkirkju sé nú loðið, eins og hér segir, heldur virðist umræðan um þetta samband, eðli þess og framtíð, vera loðmulluleg og misvísandi í verulegum mæli, þegar á heildina er lítið. Sem dæmi um það skal hér bent á, að enda þótt afgerandi meiri hluti þjóðarinnar (íðulega um það bil tveir þriðju hlutar svarenda) hafi hvað eftir annað lýst sig fylgjandi algerum aðskilnaði

lengi úr því sem komið er. Biskup Íslands hefur, svo sem kunnugt er, nýlega líkt því sambandi við „skilnað að borði og sæng“¹² – og áreiðanlega er margt rétt í þeirri líkingu. Menn geta þá spurt sig, í framhaldi

ríkis og Þjóðkirkju, í skoðanakönnunum sem ekki er ástæða til að véfengja, segja ráðamenn gjarna að það sé ekkert að marka, menn meini einfaldlega ekki það sem þeir segja og að þjóðin vilji í raun og veru ekki meiri aðskilnað en orðinn er! Er því þá reyndar oft borið við, að almenningur hafi enn ekki verið fræddur sem skyldi um allar afleiðingar þess ef til fullkomins aðskilnaðar kæmi og myndi þá niðurstaða kannananna verða önnur ef svo hefði áður verið gert. Er reyndar líklegt að leiða megi viss rök að þessu, en það breytir ekki því að enginn getur í reynd *vitað*, hver niðurstaðan yrði engu að síður. Ljóst er, að ráðamenn ríkismál-efna hafa alls ekki haft nægan áhuga á því að blása til málefnalegrar umræðu um röksemdir í „aðskilnaðarmáli“, um afleiðingar aðskilnaðar og um hugsanlegar framkvæmdaleiðir í því efni, og kirkjunnar menn hafa almennt einnig verið mjög hikandi, sjá þó ummæli biskups, sem tilgreind eru í nmgr. 12. Ýmsir tæknilegir (þ.á m. lagatæknilegir) örðugleikar blasa að vísu við varðandi framkvæmd algers aðskilnaðar, sem hér yrði of langt og flókið mál að rekja, en þó virðist höfundur þessarar greinar sem benda megi á leiðir til úrlausnar, ef á myndi reyna. Lýsa má eftir skilmerkilegri umræðu en verið hefur um röksemdir með og móti þeirri skipan mála, sem nú ríkir um misræmi það sem er á styrk ríkisvaldsins til Þjóðkirkjunnar, annars vegar, og stöðu annarra trúfélaga hins vegar – m.a. í ljósi jafnréttisákvæða stjórnarskrárinnar.

¹² Í ávarpi sínu við upphaf kirkjuþings haustið 2002 sagði biskup Íslands, orðrétt: „Hér vantar í raun ekki mikið upp á að ríki og kirkja séu aðskilin. Nefna má það skilnað að borði og sæng. Mér sýnist sem kirkjan þurfi meðvitað að búa sig undir að til lögskilnaðar komi. En meginspurningin er: Á hvaða forsendum? Stjórnarskrárákvæðið um Þjóðkirkjuna hefur verið áminning um kristnar rætur íslenskrar menningar og samfélags. Þjóðin má ekki gleyma þeim rótum jafnvel þótt breyting yrði enn á lögformlegri stöðu Þjóðkirkjunnar...“ Í ávarpsorðum sínum á kirkjuþingi 2003 sagði biskup einnig: „Ég hef hvatt til þess að Þjóðkirkjan taki þátt í umræðunni um samband ríkis og kirkju af einu. Ég leyfði mér að nota sterk orð þar um á kirkjuþingi í fyrra [þ.e. 2002]. Ég vildi með því hrista upp í umræðunni og vekja til umhugsunar um það við hvað er átt þegar kallað er eftir aðskilnaði ríkis og kirkju...“ Þetta eru beinskeytt orð, en síðar í nefndu ávarpi sínu 2003, lætur biskup hins vegar uppi efasemdir um að hér á landi sé fjölmennings-samfélag komið til sögu: „En er hér raunverulegt fjölmennings-samfélag, fjöltrúarsamfélag, á meðan níu af tíu börnum eru skírð á fyrsta ári, níu af tíu unglíngum á fjórtánda aldursári fermast í Þjóðkirkjunni, langflest íslensk börn læra að biðja? ... Víst er að Þjóðkirkjan hefur enn ráðandi hlut á vettvangi trúmálanna þrátt fyrir allt ... Er það ekki frumforsenda lýðræðisins að sjónarmið meirihlutans vegi þyngst, að teknu tilliti til grundvallarréttinda minnihlutans?“ Þessi efasemdarorð biskups um fjölmennings-samfélagið orðu tilefni harðra andsvara ýmissa þeirra, sem láta sig sérstaklega varða málefni nýbúa úr framandi menningarumhverfi, og einnig annarra, sem tjáðu sig um þetta efni í fjölmiðlum.

þess, hvort æskilegt sé (miðað við mannlega reynslu fyrr og síðar) að framlengja skilnað að borði og sæng svo mörgum árum skiptir. Ekki er víst, að þess háttar framlenging, sem myndi bersýnilega vera óhagkvæm fyrir hjón, sem vilja slíta samvistum, reynist öllu betur á því sviði hins opinbera lífs, er hér um ræðir¹³. Er þetta síður en svo sagt Þjóðkirkjunni til hnjóðs heldur í fullvissu þess, að aðskilnaður myndi í reynd verða henni til góðs og efla veg hennar og velferð þegar til lengri tíma er litið. Ýmis rök má færa fyrir því, að Þjóðkirkjunni geti vegnað vel sem algerlega sjálfstæðu trúfélagi, er verði að bjargast á eigin spýtur, þ.e. með beinum framlögum þjóðkirkjuþegnanna, sem muni renna blóð til skyldunnar og finna til ábyrgðar gagnvart kirkju sinni.

Líklegast er, að einhvern tíma á komandi árum, og þá fremur fyrr en síðar, muni verða skorið á núverandi fjárhagstengsl (og einnig önnur formleg tengsl) milli ríkis og Þjóðkirkjunnar, en þess háttar „lögskilnaður“ mun þó krefjast mikils undirbúnings.

Þá er jafnframt sennilegt, að „í tíð núlifandi manna“ verði öll formleg lagatengsl milli ríkisvaldsins og trúfélaga afnumin – einnig varðandi innheimtu sóknargjalda þótt sá þátturinn skipti reyndar minnstu máli¹⁴.

¹³ Í ræðu á Alþingi 2. október 2003 sagði núverandi landbúnaðarráðherra: „Fyrir þúsund árum trúlofaðist Alþingi Íslendinga kristinni kirkju á Þingvöllum. Það var gæfuspor...“ Núverandi kirkjumálaráðherra vitnaði í þessi orð í ræðu sinni við upphaf kirkjuþings 19. október 2003 og jafnframt í þau orð biskups um „skilnað að borði og sæng“, er tilgreind voru í nmgr. 12 hér að framan, en sagði síðan: „Meira fyrirheit um gott samband felst í því að trúlofast en skilja að borði og sæng“. Ekki er unnt að tala um skilnað að borði og sæng nema áður hafi stofnast hjónaband. Upplýst er nú, að trúlofun kom til sögu „fyrir þúsund árum“ – en hvenær fór þá „hjónavígslan“ fram? Orðskrúð og slagorð af þessu tagi eru, enn sem komið er, dæmigerð fyrir umræðuna um stöðu Þjóðkirkjunnar gagnvart ríkisvaldinu af hálfu ýmissa ædstu manna þjóðarinnar.

¹⁴ Ef svo fer, sem hér sagði, þarf það ekki að standa í vegi fyrir því, að íslenska ríkið láti fé af hendi rakna, með heimild í fjárlögum hverju sinni (en án almennrar og ótímabundinnar skuldbindingar þótt „samningi“ yrði e.t.v. fyrir að fara), til afmarkaðra þátta í starfsemi trúfélaga, einkum þeirra starfssviða, sem snerta mannúðar- og hjálparstarf og almennt menningarstarf á vegum þeirra. Í því efni verður þó einnig að hafa hliðsjón af jafnræðisreglunni, eftir því sem við getur átt. Það fyrirkomulag mála hefur t.d. lengi verið við lýði í Þýskalandi, þar sem formlegum lagatengslum milli ríkis og trúfélaga er ekki fyrir að fara. Þau framlög, sem þar um ræðir, munu að vísu nær einungis hafa gengið til hinna stærstu trúfélaga í landinu.

Í raun réttir mun umræðan um þessi mál á komandi árum – og ákvarðanir, er á henni byggjast – mótast af mismunandi sýn manna á eðli, hlutverk og heppilegt umfang ríkisvaldsins. Líklegt er að í fyrirsjáanlegri framtíð muni æ fleiri Íslendingar spyrja sig þeirrar spurningar, hvort réttara sé, heppilegra og eðlilegra að ríkið reki Þjóðkirkju heldur en t.d. banka, símafyrirtæki, póstburð eða grunnskóla svo að nefnd séu svið opinberrar þjónustu, sem ríkið hefur ýmist nú þegar sagt af höndum sér eða mun gera á næstunni.

8. Lokaorð

Að lokum má varpa fram þeirri spurningu, hvers virði löggin og allt regluverkið um trúfrelsi og jafnrétti sé í reynd ef ekki eru jafnframt tryggð nægileg úrræði til að framfylgja reglunum þegar á reynir. Gildi reglnanna er a.m.k. vafasamt ef þær eru ekki *fullvirkar* og *sívirkar* og ef þær skortir nægilegt „jarðsamband“ við samfélagsflórana á hverjum tíma. Við skyldum varast oftrú á hvers kyns lagaverki, þótt enginn geti efast um að lög séu almennt nauðsynleg og geri oft verulegt gagn. Sum svið mannlífsins eru hins vegar því marki brennd, að lagasetning ein saman (jafnvel stjórnarskrárákvæði um hin háleitustu mannréttindi) getur einungis haft takmörkuð áhrif – og sumu verður reyndar aldrei ráðið með lögum.

Og það er einmitt hætt við því, að löggjafinn geti trauðla komið böndum á suma þætti, er snerta trúarlíf og æðri sannfæringu manna. Það á m.a. við um fordóma og ýmis konar birtingarmyndir þeirra, m.a. andúð af trúarlegum toga. Löggjafinn beinir að vísu ríkisvaldinu í ákveðnar rásir og stýrir beitingu þess – en hvað svo? Stundum hefur, með réttu, verið á það bent, að þegar allt sé rakið til enda felist ríkisvaldið einkum í þeim krafti, sem stýrir kylfum lögreglu-manna og beitt er til að halda uppi „lögum og reglu“, eins og það er kallað. Þetta vald má að vísu nýta með árangri, um skamman tíma og af einstöku tilefnum, til að varna beinum, líkamlegum árásum á menn af trúarlegum ástæðum, og eins kunna þau varnaðaráhrif, er falist geta í refsíákvæðum sem ætluð eru til varnar trúfrelsi og trúar-

lífi manna, að hafa einhver áhrif – þótt efast megi um að þau vegi sérlega þungt¹⁵.

En þegar til lengri tíma er litið felst vafalaust mesta og besta vörn- in og tryggingin fyrir raunverulegum mannréttindum, á þessu sviði sem öðrum, í því *siðferðislega afli*, sem rækta má í samfélaginu með kennslu og hvers kyns fræðslu um margvísleg trúarbrögð og gildi þeirra, með tilliti til allra þeirra trúfélaga, sem þegar eiga sér þegna hér á landi – en einnig annarra. Aukin þekking mun síðan geta af sér gagnkvæm- an skilning og samúð og jafnframt eyða smám saman fordómum og villum og leiða þar með til góðrar og gefandi sambúðar manna af ólík- um uppruna og með misjafnan grunn að baki í trúarlegum og menn- ingarlegum efnum¹⁶.

[Áður óbirt]

- 15 Rétt er að benda á, til umhugsunar, að um langt skeið hefur umsjón með kirkju- málum og trúmálum almennt, af hálfu ríkisstjórnvalda, verið á höndum þess ráðu- neytis, sem hefur það höfuðhlutverk að fara með stjórn lögreglumála!
- 16 Hér skal lögð sérstök áhersla á, að sá skilningur, sem nauðsynlegt er að stofnist, verður að vera *gagnkvæmur*. Það er ekki nóg að sá meiri hluti Íslendinga, sem að- hyllist kenningar og hefðir Þjóðkirkjunnar, sýni öðrum trúarhópum skilning og samúð ef hinir smærri hóparnir (t.d. hópar innflytjenda af framandi þjóðerni og fjarlægum menningar- og trúarheimum) geta ekki að sínu leyti lært að bera virð- ingu fyrir grónum trúar- og siðgæðishugmyndum flestra borgaranna. Fólk (m.a. innflytjendur), sem tilheyrir trúarhópum, er telja sjálfsagt mál að umskera svein- börn og/eða stólkubörn, verður að skilja að í okkar heimshluta er nú af mörgum litið á þess háttar athæfi sem jafngildi líkamsmeiðinga og geti jafnvel verið refsil- vert. Um þetta hefur verið deilt hart í sumum grannlöndum okkar og harðir árekstrar orðið. Sama er að segja um það, þegar tiltekið samfélag innflytjenda „leyfir“ það, að einstaklingar úr þeirra hópi taki lög in í sínar hendur, ef svo má að orði komast, og refsi „brotlegum“ mönnum (kórlum og konum) með sínum hætti, gjarna afar harðlega (jafnvel með svokölluðum „sæmdardrápum“), hafi þeir farið gegn hefðhelguðum siðum hópsins. Friður fæst ekki milli hinna ólíku samfélags- hópa fyrr en náðst hefur haldgott samkomulag um aðferðir og leiðir, sem sam- ræmast grundvallarreglum þess lögbundna samfélagsskipulags, sem fyrir er. Þeg- ar grannt er skoðað má segja, að reglur almennrar kurteisi og tillitssemi, sem ekki eru síður virkar í öðru menningarumhverfi en því, er flestir Íslendingar þekkja best, eigi að vera nægur leiðarvísir í þessu efni ef þær fá að njóta sín sem skyldi í gagnkvæmum samskiptum hópanna. Þá er einnig mikilvægt, að minnihlutahópar einangri sig ekki í nýjum heimkynnum, varðandi bústaði og mannleg samskipti,

heldur sjái kosti þess að blandast með eðlilegum hætti við aðra þjóðfélagsþegna – sem verða þá jafnframt að sýna skilning að sínu leyti og þolinmæði gagnvart sumu því, sem í fyrstu virðist annarlegt en getur þó haft sína góðu kosti þegar betur er að gáð. Samlyndi verður ekki ríkjandi fyrr en menn hafa almennt lært að meta kosti og verðmæti framandi siða og hugmynda – þótt allir verði að geta þolað gagnrýni, sé hún borin fram af hófsemi og skynsemi og með rökum.

Pál

Páll Sigurðsson

LAGASKUGGSJÁ

Greinar um lög og sögu



Háskólaútgáfan

2004